**Online-krækja:** www.kla.tv/10671 | **útgáfudags:** 15.06.2017

# Herkænska-þjáningar barna




**Enn á ný komst mynd nýlega í dreifingu út um allan heim, mynd sem hreyfði við heimsbyggðinni. Í þetta skipti var það ljósmyndin af honum Omran Daqneesh litla frá Aleppo, sem vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið.**

Enn á ný komst mynd nýlega í dreifingu út um allan heim, mynd sem hreyfði við heimsbyggðinni.  Í þetta skipti var það ljósmyndin af honum Omran Daqneesh litla frá Aleppo, sem vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið.
En sem betur fer þá vissi heimspressan samstundis um hvað málið snérist - og það, áður en nokkur marktæk rannsókn hafði verið gerð á loftárásinni.  Fyrir meginstraums fjölmiðlum var augljóst frá upphafi að hinni mannfjandlegu stjórn Assads var um að kenna í bandalagi við vondu Rússana og þess vegna verður að koma þeim frá!  Og auðvitað tók Obama þáverandi Bandaríkjaforseti í sama streng og beitti þessari sömu snöggsoðnu rökvísi.  Því að eins og fyrir guðlega tilviljun datt skömmu seinna bréf frá sex ára bandarískum dreng í hendur Obamas, sem fékk heiminn ekki bara til að gráta enn eina ferðina heldur örvaði hann í leiðinni líka til stríðsátaka.

Rétt eins og voldugasti stríðforseti allra tíma tæki á móti sérhverju pári sex ára barns, þá las Obama upp fyrir alla heimsbyggðina með kökkinn í hálsinum þetta innilega bréf frá honum Alex í New York.

Obama gat ekki mætt neyðarópum þessara tveggja barna á nema einn veg: við verðum nauðsynlega að frelsa þessi aumingja sýrlensku börn frá dauðasveit Assads og vondu Rússunum!  En hvernig gerir maður það eiginlega?  Obama sem frelsari heimsins?  Nei, Obama skipaði eins og alltaf, að það þyrfti nauðsynlega að grípa til miklu rótækari hernaðaraðgerða!

Ekki alls fyrir löngu notaði Obama líka álíka kröftuga mynd af drukknuðu flóttamannabarni á Tyrknenskri strönd fyrir sinn and- tyrknenska úrskurð:

Slíkar myndir af þjáðum börnum eða jafnvel látnum börnum, hafa áður verið notaðar til þess að gefa þessum ólýsanlega hryllingi sýnilegt andlit.  Og heimspressan áttaði sig á því, eins og alltaf í samvinnu við Obama, að þessa hryllilegu atburði mætti strax nýta í áróðurskyni til að láta Tyrkland líta sem verst út … En hver sem hefur fylgst náið með stjórnmálaþróuninni kemst ekki hjá því að veita því athygli að skömmu áður hafði Tyrkland fallið í ónáð hjá USA. Líka þessu látna barni af ströndinni var umsvifalaust beitt til að fá heimsbyggðina til að standa að baki USA og taka sér stöðu gegn Erdogan og Tyrklandi.

Auðvitað minna þessar sviðsmyndir óhjákvæmlega á þjáningar nýburanna í írösku árásunum í Kúveit. Þessi saga frá 1990 gekk eins og eldur í sinu út um allan heim:  Fimmtán ára stúlka sagði grátandi frammi fyrir myndavélum að hún verið sjónavottur þess hvernig írakskir hermenn í Kúveitísku sjúkrahúsi hefðu hrifsað nýburana úr hitakössunum og grýtt þeim þannig í gólfið að þeir létust.  Á sama hátt var annars líka dreift mörgum ósönnuðum

hryllingsverkum um nasistana í seinni heimstyrjöldinni. Nema þessir áttu að hafa höggvið höfuð, hendur og fætur af nýburunum.

Nýburasögur af þessu tagi eru síendurteknar jafnt í Þýskaland og í Írak uns „allur heimurinn“ er kominn í stellingar til endurgjalds með hernaðaríhlutun og - jafnvel þótt að því virðist þvert gegn vilja sínum – og meirihluti í bandaríska þingsins og fulltrúardeild samþykkja hernaðarlega íhlutun í Írak. (voru þeir alltaf jafn tregir til samþykkis þegar um hernaðarlega íhlutun var að ræða?) – En aftur til baka að hinum meintu morðum hitakassabarnanna í Írak: Stuttu seinna kom nefnilega í ljós að 15 ára vitnið var eingöngu lygari sem hafði fengi ríflega þóknun fyrir að gráta frammi fyrir myndavélum heimsins! Þessi hryllilegu barnamorð sem Írakski herinn átti að hafa framið, voru helber lygi. Í ljós kom að stúlkan var dóttir stjórnarerindreka frá Kúveit sem halaði inn glás af peningum fyrir viðvikið. Fyrir þessa lygi gegn Írak sem og aðrar þénaði umboðskrifstofan sem notfærði sér stúlkuna samtals 10 milljónir dollara. Hún fékk verkefnið frá samtökum sem starfa í Ameríku.

Þessar sviðsettu þjáningarsögur smábarna leiddu til ekki neins minna en gríðarlegs þjóðamorðs í Írak. Á meðan USA stýrði markvisst þessari hitakassalygi með meginstraumsfréttunum út um allan heim, tilkynnti fyrrverandi ríkistjórn USA með nákvæmlega sömu orðum eins og Obama þann dag, að aldrei hafi nokkur vafi leikið á því að írakski herinn hafi unnið þessi voðaverk á nýfæddum börnum og eins að Saddam Hussein búi yfir gereyðingavopnum. Sannast hefur að hvort tveggja var helber lygi.

Hversu lengi lætur heimsbyggðin blekkjast af lygahernaðartækni USA og lætur etja sér í sífellt ný stríð? Í gær voru það Írakar, Lýbía, Egyptar og Íran og í dag eru það Tyrkir, Sýrlendingar og Rússar. Og á morgun? Þýskaland, Austurríki eða Sviss? En áður en heimurinn flæktur í sínum lygavef fellur algjörlega fyrir ofsjónum sem Obama, messías heimsins og holdgerfingur hinnar nýju heimsmyndar þúsundáraríkisins, ætti maður að horfast í augu við hinar upprunalegu tökur sem sýna við hvaða miskunnarlausu stríðsáróðursinna við eigum við að etja. Myndin ´Hellstorm´ sem fer eins og eldur í sinu um alla heimsbyggðina, sýnir hversu mikila samúð anglo-ameríski heraflinn hafði í raun með þjáðum börnum, mæðrum þeirra, ömmum þeirra o.s.frv. Svona og ekki öðru vísi háðu þessir ´frelsarar heimsins´ öll sín stríð, ekki bara gegn Þýskalandi heldur líka gegn rest heimsins.

Mikilvægt er að benda á að úrdráttur úr myndinni ´Hellstorm´ er ekki fyrir viðkvæmar taugar. Hún er eingöngu leyfð 18 ára og eldri!

**eftir is**

---

## Heimildir:

http://www.spiegel.de/panorama/barack-obama-der-kleine-alex-schickte-ihm-diesen-ruehrenden-brief-a-1113546.html

https://www.youtube.com/watch?v=pewuMkMSor4

---

## Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Strid-Baratta - Stríð-Barátta milli landa - www.kla.tv/Strid-Baratta

**Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...**

- ➔ það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- ➔ fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- ➔ reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

## Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.